

**Sp.**

**722. Fyrirspurn**

**[316. mál]**

til viðskiptaráðherra um viðskipti Íslendinga við þjóðir Sovétríkjanna.

Frá Lárusi Jónssyni.

Óskað er skriflegs svars við þessum spurningum:

1. Hvað hefur innflutningur einstakra vörutegunda, sem Íslendingar kaupa frá Sovétríkjunum, hækkað í verði frá 1. jan. 1973 til síðustu mánaðamóta?
2. Hvað hefur útflutningur einstakra vörutegunda, sem Íslendingar selja Sovétþjóðum, hækkað í verði frá 1. jan. 1973 til síðustu mánaðamóta?
3. Hvaða verðfyrirvarar eru í samningum um kaup Íslendinga á oliu frá Sovétríkjunum, og hvernig er fyrirvörum háttað um söluverð íslenskra afurða í Sovétríkjunum?
4. Hver er áætlaður viðskiptahalli Íslands við Sovétríkin um s. l. mánaðamót, og hvað er hann áætlaður verða um næstu áramót?
5. Hversu háum upphæðum hyggst ríkisstjórnin verja til útflutningsuppbóta íslensks lagmetis og ullarvara, sem flutt eru til Sovétríkjanna á yfirstandandi ári, og hvernig er ætlunin að afla fjár til þess?

**Greinargerð.**

Eins og kunnugt er, fara viðskipti Íslendinga við þjóðir Sovétríkjanna fram á grundvelli gagnkvæmra vöruskipta. Vegna þess, hvernig verðákvörðunum er háttað í þessum viðskiptum, hafa þau orðið Íslendingum mjög óhagstæð fjárhagslega síðustu mánuði og ár. Full ástæða er til þess fyrir Alþingi og allan almenning í landinu að gera sér grein fyrir því, hvað er að gerast í þessum efnum og hverjar horfur eru um þessi viðskipti, ef nú fer fram sem horfir. Þessi fyrirspurn er fram borin til þess að fá fram sem gleggsta mynd af staðreyndum um þróun þessara mála að undanfögnu, en slíkar upplýsingar eru forsenda fyrir viðræðum um gagnkvæma endurskoðun á þessum viðskiptum, sem vissulega eru þýðingarmikil fyrir báða aðila.